

nafngift á vegi um norðanverða byggð fyrir ofan Hafravatn

Til : Skipulagsmál Mosfellsbæjar <skipulag@mos.is>
Frá : Guðrún Hildur Ragnarsdóttir <haukaland@gmail.com>
Heiti : nafngift á vegi um norðanverða byggð fyrir ofan Hafravatn
Málsnúmer : 202206160
Málsaðili : Mosfellsbær
Skráð dags : 19.01.2023 13:50:42
Höfundur : Guðrún Hildur Ragnarsdóttir <haukaland@gmail.com>

You don't often get email from haukaland@gmail.com. [Learn why this is important](#)

Skipulagsyfirkvöld Mosfellsbæ

Með vísan í bréf skipulagsyfirkvalda í Mosfellsbæ frá desember 2022 til eigenda lóða og húsa við norðanvert Hafravatn um að vegurinn gegnum byggðina verði nefndur Óskotsvegur, þá lýsi ég undirrituð eigandi að lóð og húsi við Óskotsveg 7 yfir ánægju með þessa nafngift skipulagsyfirkvalda. Með þessari nafngift er í heiðri höfð saga svæðisins, en vegurinn liggur eins og kunnugt er að eyðibýlinu Óskoti, sem vitnað er til í heimildum allt aftur til 16. aldar, og var þar búið allt til ársins 1970, sjá meðal annars <https://ferlir.is/oskot-langavatn-reynisvatn/> Þá má benda á að annað kennileiti á svæðinu sem vísar til Óskots er Óskotsheiði. Nafnið „Hafrabyggð" sem nokkrir eigendur lóða og húsa á svæðinu vilja nefna þennan veg, hefur hins vegar enga slíka sögulega skírskotun.

Virðingarfyllst,
Guðrún Hildur Ragnarsdóttir